

UMHVERFISMAT LANDSÁÆTLANA Í SKÓGRÆKT

Stjórn Skógareigenda á Suðurlandi (FsS) þakkar fyrir að fá tækifæri til að veita umsögn um Umhverfismat landsáætlunar í skógrækt.

Í byrjun er rétt að geta þess að mat okkar er að skýrslan er vel upp sett og innhaldsrík, en engu að síður viljum við koma eftirfarandi á framfæri:

1. Endurheimt birkis.

Skógarbændur á Suðurlandi leggja megin áherslu á nytjaskógrækt með völdum trjátegundum sem skilað geta nægum viðarvexti sem staðið getur undir kostnaði við skógrækt til langs tíma. Þar af leiðandi teljum við að of mikil áhersla sé lögð á endurheimt birkikjarrs eins og tillögur eru uppi um í skýrslunni.

Mjög kostnaðarsamt er t.a.m. að rækta birki til kolefnisbindingar, hvað þá til timburframleiðslu. Sama má segja ef þjóðin ætlar að vera sjálfri sér næg um timbur til innanlandsnotkunar, þá þarf að huga að öðrum og vaxtameiri tegundum til að það megi ganga eftir. Landrymi er nægilegt og skógar sem eru til nú þegar og eru að vaxa upp, sýna að ræktunarárangur er vel viðunandi til að uppfylla framangreint.

2. Framkvæmdaleyfi.

Að fá framkvæmdaleyfi til skógræktar er orðið tímafrekara, flóknara og kostnaðarsamara en var fyrir fáum árum síðan. Þetta er farið að torvelda innkomu nýrra aðila í skógrækt sem er mjög bagalegt, sér í lagi þar sem skógrækt er viðurkennd leið til að ráðast gegn loftslagsvanda.

Ef hugað er að umhverfismálum þá er skógrækt öflug leið til að binda kolefni, en það verður ekki gert án trjátegunda sem hafa mikinn vaxtarhraða. Leggja ætti því áherslu á að auðvelda allar leiðir til að landeigendur geti hafið skógrækt án mikillar skriffinnsku og óþarfa íþyngjandi aðgerða stjórnvalda. Það sama á við um stærðartakmarkanir.

Land til skógræktar á 200 hektara svæði eða stærra er skylt að tilkynna til Skipulagsstofnunar, en Skipulagsstofnun þyrfti að hafa verkfæri til að flýta slíkum umsögnum svo fyrirhuguð skógrækt geti hafist sem fyrst.

3. Sérálit.

Sérálit um skýrsluna gerir mikið úr mögulegum neikvæðum áhrifum nytjaskógræktar. Rétt er að benda á í því sambandi, að sérálitið tekur ekki tillit til fjölmargra þátta sem nytjaskógrækt hefur á jákvæðan hátt í för með sér, það á við bæði efnahagslega og ekki síður umhverfislega. Stærsta umhverfismál jarðar í dag eru svokölluð gróðurhúsaáhrif. Skógrækt á Íslandi með völdum trátegunum er ein besta viðspyrna sem við Íslendingar eigum til að koma til móts við þá áskorun að vernda loftgæði jarðar.

4. Gróðureldar.

Eins og áður er sagt þá er skýrslan innihaldsrík og vel gerð. Eitt er þó sem FsS saknar í skýrslunni og það eru brunavarnir í gróðri. Mikil vinna hefur farið í að semja leiðbeingar við varnir og viðbrögð við góðureldum á undanförunum árum. Rétt er að benda á heimasíðuna www.grodueldar.is þar sem m.a. má finna greinargerð stýrihóps um gróðurelda. Í þessari greinargerð er skrifað ítarlega um varnir og viðbrögð við góðureldum. Lögð er áhersla á að hluti þessarar vinnu verði hluti að Umhverfismati landsáætlunar í skógrækt.

5. Félagskerfið.

Í lokin er rétt að geta þess að félagskerfi skógareigenda er að ganga í gegnum miklar breytingar. Mikilvægt er að þessi þáttur í skýrslunni Umhverfismat landsáætlunar í skógrækt verði færður til nútímans.

F.h. stjórnar Félags skógareigenda á Suðurlandi,

Björn Bjarndal Jónsson formaður